

Skrifstofu Alþingis,
b.t. nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. 138/2472
komudagur 20.5.2010



Selfoss, 17. maí 2010
Málanr. MAST10040150

Umsögn Matvælastofnunar

Þskj. 911 — 522. mál.

Um Frumvarp til laga um skeldýrarækt

Þann 1. mars 2010 tóku hérlendis gildi reglugerðir um gildistöku reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins nr. 852-, 853- og 854/2002 er lúta að hollustuháttum og opinberu eftirliti við matvælaframleiðslu, þ.m.t. framleiðslu og ræktun á skeldýrum. Bein skörun milli frumvarps um skeldýrarækt og þessara reglugerða á ekki að vera til staðar enda er vísað til þess í 8. og 14. gr. frumvarpsins að um heilnæmiskönnun og um framleiðslu, dreifingu, eftirlit og heilnæmi afurða fari eftir áður nefndum reglugerðum.

Frá áramótum hafa einstaka kræklingaræktendur stundað veiðar á villtum kræklingi í Hvalfirði og á fleiri svæðum og flutt frá veiðisvæði á ræktunarsvæði sitt í Eyjafirði til áframhaldandi ræktunar, en svæði sem um ræðir hafa ekki verið flokkuð og viðurkennd af Matvælastofnun.

Viðbúid er að áframhald verði á þessum veiðum og má gera ráð fyrir að flutningur á lifandi dýrum með þessum hætti gæti haft ýmis vandamál í för með sér, s.s. vegna útbreiðslu á sjúkdómum og sníkjudýrum, við blöndun ólíkra erfðastofna og flutning á óæskilegum tegundum skeldýra milli landshluta. Við útgáfu á ræktunarleyfi, sbr. 9. gr. frumvarpsins eru skoðuð neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiáhrif og má velja því upp hvort sömu atriði ættu að vera til skoðunar þegar veidd skeldýr eru flutt milli svæða til áframeldis. En ekkert í frumvarpinu eða áður nefndum reglugerðum bannar veiðar á einu svæði og áframhaldandi ræktun á öðru ef um er að ræða tvö flokkuð svæði.

Eins vekur stofnunin athygli á því að skv. 4. gr. frumvarpsins fer Fiskistofa með eftirlit með veiðum skeldýra, vigtun og skráningu sjávarafila í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma. Ekkert er hins vegar kveðið á um upplýsingaskyldu til Matvælastofnunar, sem þarf með vísan til áður nefndra reglugerða að tryggja að skeldýr sem sett eru á markað komi af svæðum sem hafa farið í gegnum heilnæmiskönnun og verið flokkuð af stofnuninni. Af þeim sökum er því hér með velt upp hvort ekki sé rétt að fela Fiskistofu það verkefni að hafa eftirlit með að veiði á skeldýrum sé einungis stunduð á svæðum sem flokkuð hafa verið af Matvælastofnun og að Fiskistofa upplýsi Matvælastofnun um atriði sem viðkoma skeldýraveiðinni, s.s. hvaða aðilar stundi veiðarnar, aflabrögð og hvar skeldýranna sé aflað.

F.h Matvælastofnunar

Viktor Stefán Pálsson
Forstöðumaður Stjórnsýslusviðs

Afrit: nefndasvid@althingi.is